

# Lyfjanefnd Landspítala

Fundargerð nr.: 16/2024

**Fundarstaður:** Engey, Eiríksstöðum og Teams

**Fundartími:** 30. október 2024, kl. 11:00

## Viðstödd:

*Aðalmenn*

Hlíf Steingrímsdóttir, Arnþrúður Jónsdóttir, Gerður Beta Jóhannsdóttir, Gerður Gröndal, Pétur S Gunnarsson og Örvar Gunnarsson

*Varamenn*

Agnes Smáradóttir, Eva Ágústsdóttir, Guðríður K Þórðardóttir, Guðrún I Gylfadóttir og Sif Sumarliðadóttir

*Starfsmenn*

Guðrún Björg Elíasdóttir og Dóra Guðrún Pálsdóttir sem ritaði fundargerð

**Fjarverandi:** Gylfi Óskarsson, Ragnar Grímur Bjarnason og Signý Vala Sveinsdóttir

**Gestir:** Sunna Guðlaugsdóttir, Sigurdís Haraldsdóttir, Kolbeinn Guðmundsson og Elísabet Reykdal Jóhannesdóttir

## 1) Hæfi fundarmanna

Hæfi fundarmanna við afgreiðslu mála kannað. Fundarmenn telja sig hæfa um að fjalla um mál sem eru á dagskrá fundarins.

## 2) Fundargerð nr. 15/2024

Fundargerðin samþykkt

## 3) Sjúkratilfelli

*Umfjöllun ekki birt*

## 4) Umsagnir um greiðsluþátttöku

### a) *Olaparib (Lynparza) – ný ábending*

Óskað er eftir umsögn lyfjanefndar um greiðsluþátttöku í nýrri ábendingu fyrir lyfið olaparib (Lynparza) sem ætlað er sem einlyfjameðferð eða ásamt innkirtlameðferð sem viðbótarmeðferð eftir skurðaðgerð hjá fullorðnum sjúklingum með HER2-neikvætt, áhættumikið brjóstakrabbamein á frumstigi og BRCA1/2 stökkbreytingu í kímlínu, sem áður hafa fengið krabbameinslyfjameðferð sem viðbótarmeðferð fyrir eða eftir skurðaðgerð.

Gert er ráð fyrir að 3-6 sjúklingar hefji meðferð árlega. Ekki er hægt að leggja lyfið klínískt að jöfnu við önnur lyf á þessari ábendingu og því er um kostnaðarauka að ræða.

Greiðsluþátttaka hefur verið samþykkt í Svíþjóð og Noregi en hafnað í Danmörku.

*Mælt er með því að greiðsluþátttaka verði samþykkt*

**b) *Ritlecitinib (Litfulo) – nýtt lyf***

Óskað er eftir umsögn lyfjanevndar um greiðsluþátttöku í nýrri ábendingu fyrir lyfið ritlecitinib (Litfulo) sem ætlað til meðferðar við umtalsverðum blettaskalla (alopecia areata) hjá fullorðnum og unglingum 12 ára og eldri.

Greiðsluþátttaka hefur ekki verið afgreidd í neinu Norðurlandanna og opinberu innkaupaferli er ekki lokið.

*Mælt er með því að greiðsluþátttöku verði synjað*

**5) Umsagnir um leyfisskyldu**

Lyfjanevnd mun óska eftir leyfisskyldu fyrir eftirfarandi lyf:

*Risankizumab (Skyrizi)*

**6) Önnur mál**

**a) Fjárlagaliður leyfisskyldra lyfja**

Áður hefur verið rætt um að um tvo milljarða vantar í fjárveitingar miðað við áætlun fyrir næsta ár. Forstjóri Landspítala hefur skrifað minnisblað vegna þessa og sent ráðuneytinu.

*Fundi slitið kl. 12:07*